

Íslenska gámafélagið ehf.
Kalksléttu 1
162 Reykjavík - Dreifbýli

Reykjavík, 21.3.2023
UST202202-320/G.S.O.
08.14.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 8. júní 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti þann 16. maí 2022 í Íslenska gámafélagið að Esjumelum. Frestur var veittur til 30. júní 2022 til að skila inn áætluninni.

Frávikið var eftirfarandi:

1. Gr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur sbr. viðauka (I, II og IV) skal hafa gilt starfsleyfi. Sá hluti starfsleyfisins sem snéri að Koparsléttu 22 hefur verið felldur úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. **Samkvæmt auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 68/2023 hefur borgarráð Reykjavíkur samþykkt breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Esjumela á Kjalarnesi vegna Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22. Samkvæmt auglýsingunni mun sameinaða lóðin bera nafnið Kalksléttu 1 og munu skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikin lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur